

Ed.

11. Frumvarp til laga

[11. mál]

um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Lokaorð 2. gr. 1. málsg. laganna orðist svo:

Skal hann athuga, hvort allir aðilar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess í skránni. Hann skal þegar í stað senda sýslumanni skrána til þinglýsingar.

2. gr.

4. gr. 2. málsg. sömu laga orðist svo:

Dómi um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá. Dómur skal afhentur til þinglýsingar innan fjögurra mánaða frá dómsuppsögn, enda hafi hann ekki sætt áfrýjun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Í frv. er lagt til, að orðalagi sé breytt lítið eitt á tveimur ákvæðum laga nr. 41/1919, og er það nánast til samræmis við reglur þær, sem felast í þinglýsingarfrumvarpinu. Rétt er að benda á, að samkv. 2. gr. frv. er miðað við það, að dómi um landamerki sé þinglýst innan fjögurra mánaða frá uppsögn hans, og þykir sú regla heppilegri en regla 4. gr. laga 41/1919, eins og hún er nú.